

REGLUGERÐ

um björgunarbáta sem gerðir eru út frá landi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um björgunarbáta sem gerðir eru út til björgunarstarfa frá landi, sem hafin er smíði á eða koma til landsins eftir gildistöku reglugerðar þessarar. Þó gilda ákvæði í IV. kafla, um öryggisbúnað, fyrir alla slíka björgunarbáta við fyrstu aðalskoðun eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *Björgunarbátur* er bátur sem er gerður til björgunar- og hjálparstarfa.
- b. *Þilfarsbátur* er bátur sem hefur þétt þilfar ofan hleðsluvatnslínu stafna á milli, frá síðu til síðu, nema þar sem þilfarið er rofið af veðurþéttri yfirbyggingu og lúgum, eða síðuvösum til að ná manni úr sjónum.
- c. *Opinn bátur* er bátur sem er ekki þilfarsbátur.
- d. *Yfirbyggður bátur* er bátur sem er yfirbyggður að einhverju leyti þannig að bátsverjar geti leitað skjóls.
- e. *Lengd* er skráningarlengd eins og hún er skilgreind í reglugerð nr. 527/1997 um mælingu skipa með lengd allt að 24 m.
- f. *Mesta lengd* er lengd bátsins mæld í metrum, frá öftustu brún til fremstu brúnar. Undanskildir eru slitlistar sem ekki teljast til flothólfa eða eru fastur hluti bátsins.

3. gr.

Viðurkenningar og skoðanir.

Reglugerð þessi er einkum miðuð við samþykkt á raðsmíðuðum bátum, þar sem fyrsti bátur hverrar bátsgerðar er skoðaður nákvæmlega og prófaður, en eftirlit með smíði annarra báta viðkomandi bátsgerðar fari fram með skyndiskoðunum.

Þegar bátsgerð hefur fengið viðurkenningu skal hver bátur bátsgerðarinnar vera eins og frumgerð hennar. Fyrir hverja bátsgerð skal framleiðandi setja upp gæðaeftirlit sem tryggir að bátarnir verði af sömu gæðum og frumgerðin.

Bátar sem eru sérsníðaðir og ekki eintak í raðsmíði skulu skoðaðir og prófaðir á sama veg og frumgerð.

Allar breytingar og endurbætur á björgunarbátum eru háðar samþykki Siglingastofnunar Íslands.

Hver bátur skal skoðaður með tilliti til laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum. Búnaður sem ætlað er að rétta við báta á hvolfi skal prófaður árlega og loftslöngur sem reiknast sem flotholt skulu skoðaðar og þrýstiprófaðar minnst þriðja hvert ár.

4. gr.

Jafngildi og prófanir.

Siglingastofnun Íslands skal ekki banna, takmarka eða hindra að settir verði á markað eða teknir í notkun bátar, smíði eða búnaður sem stofnunin tekur jafngildan þeim sem reglur þessar mæla fyrir um, hvað varðar öryggi.

Siglingastofnun Íslands skal taka gildar prófanir og samþykktir sem gerðar eru hjá stofnunum, flokkunarfélögum eða öðrum hlutlausum aðilum sem viðurkenndir eru, þ. á m. aðilum innan annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, enda sé sýnt fram á fullnægjandi sjálfstæði, kunnáttu og hæfni umrædds aðila til slíkra verka, að mati Siglingastofnunar.

5. gr.

Merking og öryggislitur.

Björgunarbátur skal merktur samkvæmt ákvæðum reglna nr. 493/1986 um merkingu skipa.

Auk þeirra merkinga sem tilgreindar eru í 1. mgr., skal björgunarbátur merktur með nafni skipasmíðastöðvar, smíðanúmeri og smíðaári.

Báturinn skal vera með öryggislit samkvæmt gildandi reglum.

II. KAFLI

Smíði og sjóhæfni.

6. gr.

Smíði og fyrirkomulag.

Bolur björgunarbáta úr hörðum efnum, s.s. tré, stáli, áli eða trefjaplasi, skal smíðaður skv. ákvæðum um vinnubáta í reglum nr. 592/1994 (Norðurlandareglur) um smíði og vinnubáta búnað af báta sömu með mestu lengd allt að 15 m, með áorðnum breytingum eða sambærilegum reglum stærð.

Vegna sérstakra nota björgunarbáta, skal við hönnun á undirstöðum og styrkingum fyrir vélar og annan búnað, taka tillit til þess álags sem þeir verða fyrir, svo sem við það að hvolfa og rétta sig við.

Hver bátur skal búinn föstum sætum fyrir áhöfn bátsins. Fyrir aðra bátsverja nægir að þeir geti setið á trygðan hátt innan skjólborðsklæðningar.

Þar sem gert er ráð fyrir sjúkrabörum, skulu vera tryggar festingar fyrir börurnar.

7. gr.

Fastur búnaður.

Hver björgunarbátur allt að 8 m að lengd skal búinn griplínu úr flothæfu efni, sem fest er utan á allan bátinn. Undanskilin eru svæði við stýri og skrúfu/drif.

Heimilt er að samþykkja annað fyrirkomulag en framangreint, sem gefur sömu möguleika til að ná handfestu á björgunarbátnum, hvort sem hann er á réttum kili eða á hvolfi.

Hver bátur skal búinn fullnægjandi handriði frá stjórnstækjum bátsins fram að stefni, ef Siglingastofnun Íslands telur það nauðsynlegt.

8. gr.

Stöðugleiki.

Fríborð og stöðugleiki björgunarbáta skal uppfylla reglur um smíði vinnubáta af sömu stærð.

Þegar björgunarbátur allt að 8 m að lengd er hlaðinn helmingi af heildarfjölda þeirra manna sem bátnum er ætlað að bera, sitjandi á þeim stöðum sem þeim eru ætlaðir annars vegar miðlínu, skal fríborð þeim megin mælt frá vatnslínu að efri brún þílfars, flothylkja eða slangna vera minnst 1,5% af mestu lengd, þó aldrei minna en 100 mm.

Björgunarbátur skal geta rétt sig við á innan við 5 mínútum. Ef nota þarf sérstakan búnað til að rétta bátinn við skal búnaðurinn þannig gerður að hægt sé að ræsa hann handvirkt af manni sem er í sjónum.

Við ræsi réttibúnaðar skulu vera handföng til að maður sem ræsir búnaðinn geti haldið sér í bátinn.

9. gr.

Flotholt.

Sérhver opinn björgunarbátur skal búinn flotholtum sem nægja til að halda bátnum sem næst láréttum á floti, fullum af vatni.

Flotholt eiga að vera úr frauðplasti sem varið er fyrir ákomu og vatni, hvort heldur það er í innbyggðum hólfum eða utanálíggjandi slöngum. Þó mega flotholtin vera innbyggðir geymar eða ófylltar slöngur, en þannig

~~10. gr. Harðbotna slöngubátar og uppblásanlegir bátar.~~

~~Uppblásanlegir bátar og harðbotna slöngubátar (RIB) skulu uppfylla viðeigandi ákvæði III. kafla alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu, SOLAS, frá 1. nóvember 1974, með áorðnum breytingum og viðeigandi ákvæði dreifibréfa Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar nr. MSC.48(66) og MSC.81(70). Þó mega bátar allt að 10 m vera smíðaðir í samræmi við ÍST-EN-ISO-6185-3.~~

III. KAFLI
Vélbúnaður.

11. gr.

Almennt.

Vélbúnaður og tengd kerfi björgunarbáta skulu uppfylla ákvæði um vinnubáta í reglum nr. 592/1994 (Norðurlandareglur) reglur um smíði og vinnubáta búnað af báta sömu með mestu lengd allt að 15 m, með áorðnum breytingum stærð. Þó er heimilt að nota utanborðsbensínvélar.

Bátar sem knúnir eru utanborðsvél eða utanborðsdrifi skulu búnir hólk, grind eða öðrum jafngildum búnaði umhverfis skrúfuna til að koma í veg fyrir að fólk sem er í sjónum lendi í skrúfunni utanborðsbensínvél.

12. gr.

Eldsneytiskerfi.

Eldsneytiskerfið skal þannig gert að sjór komist ekki í kerfið, þó að bátnum hvolfi.

13. gr.

Smurolíukerfi.

Smurolíukerfi skal þannig gert að vélin missi ekki smurolíu við að bátnum hvolfi og skal vera hægt að ræsa vélina eftir að báturinn hefur rétt sig við, án þess að hætta sé á að hún skemmist.

14. gr.

Kælivatnskerfi.

Í bátum með tvær vélar skulu kælivatnsinntökin vera tvö, eitt fyrir hvora vél, og skulu þau staðsett svo langt frá hvoru öðru sem mögulegt er.

15. gr.

Austur- og slökkvibúnaður.

Austurbúnaður Austur- skal og slökkvibúnaður björgunarbáta skulu uppfylla ákvæði um austurbúnað vinnubáta kröfur í reglum nr. 592/1994 (Norðurlandareglur) um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 m, með áorðnum breytingum.

Slökkvibúnaður skal uppfylla ákvæði um slökkvibúnað vinnubáta í af reglum sömu nr. 592/1994 (Norðurlandareglur) um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 m, með áorðnum breytingum stærð.

16. gr.

Rafbúnaður.

Rafbúnaður björgunarbáta skal uppfylla ákvæði um rafbúnað vinnubáta í reglum nr. 592/1994 (Norðurlandareglur) reglur um smíði og vinnubáta búnað af báta sömu með mestu lengd allt að 15 m, með áorðnum breytingum stærð.

Aðalrafkerfi skal geta starfað við allar aðstæður jafnvel eftir að báti hefur hvolft og hann rétt sig við aftur.

Rafgeymar skulu þola að snúast 360° um láréttan ás sinn og skulu ekki losna úr sæti sínu. Jafnframt skulu rafgeymar þola að vera á hvolfi í allt að 8 mínútur án þess að geymasýra leki úr þeim.

Þegar báturinn er í notkun má sjór ekki geta komist í rafgeymarými eða rafgeymakassa.

IV. KAFLI Öryggisbúnaður.

17. gr.

Almennt.

Allur búnaður björgunarbáta skal vera tryggilega fastur eða geymdur í sérstökum vatnsheldum skápum eða rýmum. Búnaðinn má ekki geyma í rýmum sem með tilliti til sjóhæfni bátsins eiga að vera lokað til sjós.

18. gr.

Ljós og tæki til hljóðmerkja.

Björgunarbátur skal búinn siglingaljósum og hljóðgjöfum skv. alþjóðasiglingareglum, sbr. lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, nr. 7/1975, með áorðnum breytingum.

Björgunarbátur skal búinn bláu blikkljósi og leitarljósi. Báturinn skal einnig búinn tveimur vatnspéttum rafmagnsljósum sem nota má til morsmerkjagjafa.

19. gr.

Legufæri og tóg.

Legufæri björgunarbáta skulu vera uppfylla skv. ákvæðum um legufæri vinnubáta í reglum nr. 592/1994 (Norðurlandareglur) reglur um smíði og vinnubáta búnað af báta sömu með mestu lengd allt að 15 m, með áorðnum breytingum. Ákvæði um legufæri 15 m báta í línuriti á mynd 16.1, í reglum nr. 592/1994 (Norðurlandareglur), gilda fyrir björgunarbáta með mestu lengd 15 m og allt að 24 m að mestu lengd. Fyrir stærri björgunarbáta skal ákveða legufæri sérstaklega stærð.

20. gr.

Talstöðvar.

Hver björgunarbátur skal búinn VHF talstöð fasttengdri við bátinn og skal talstöðin annaðhvort vera vatnsheld eða vera í vatnsheldum kassa (IP 67) eða í stýrishúsi.

21. gr.

Sjúkrakassar.

Hver björgunarbátur skal búinn a.m.k. einum sjúkrakassa, þeirrar gerðar sem reglugerð nr. 365/1998, um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, með áorðnum breytingum, mælir fyrir um.

22. gr.

Flugeldar og blys.

Hver björgunarbátur skal búinn flugeldum og blysum í samræmi við reglur um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994, með áorðnum breytingum.

23. gr.

Gúmmibjörgunarbátar.

Hver björgunarbátur skal búinn gúmmibjörgunarbáti, samkvæmt grein 5.2 í reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994, með áorðnum breytingum.

Sjálfreittandi björgunarbátar og björgunarbátar búnir réttibúnaði eru undanþegnir kröfum um gúmmibjörgunarbáta, þó skulu björgunarbátar sem eru 10 m að lengd og lengri búnir gúmmibjörgunarbát sem rúmar áhöfn björgunarbátsins.

24. gr.

Annar búnaður.

Hver björgunarbátur skal búinn eftirgreindum búnaði:

- a. Áttavita.
- b. Sjónauka.
- c. Flotvinnubúningi fyrir hvern mann í áhöfn.
- d. Krókstjaka.
- e. Neti til að ná manni úr sjónum.
- f. Tveimur kast- eða björgunarhringjum með minnst 30 m langri línu.

Hver opinn björgunarbátur skal auk þess búnaðar sem tilgreindur er í 1. mgr. búinn:

- a. Hnífi.
- b. Rekakkeri með hanafæti og minnst 30 metra langri línu með 10 kN slitþoli.

V. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

25. gr.

Viðurlög.

Um mál er rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 29. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, með áorðnum breytingum.

26. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. mgr. 1. gr. og 4. mgr. 3. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, öðlast þegar gildi. Samhliða fellur úr gildi reglugerð um björgunarbáta sem gerðir eru út frá landi, nr. 123/1999.

Samgönguráðuneytinu, 9. nóvember 2007.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.